

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um gjöld fyrir raffangaprófun
Rafmagnseftirlits ríkisins nr. 497, 19. desember 1990.**

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

1. gr.

Á tímabilinu 1. júní 1992 til 30. september 1992 skal skráningargjald skv. 1. lið gjaldskrárinnar verða sem hér segir:

	Taxti	Gjald kr.
Skráningargjald	0.5	500

Íhlutir í skráð raftæki sem ætlaðir eru sem varahlutir eru undanþegnir sjálfstæðri skráningu nema um öryggisbúnað sé að ræða.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 4. tl. 1. mgr. og í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 60, 1979 um Rafmagnseftirlit ríkisins.

Iðnaðarráðuneytið, 1. júní 1992.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Helga Jóna Benediktsdóttir.